

Fundargerð 15. stjórnarfundar sem haldinn var í Reykjavík 22. desember 2008.

Mætt: Anna Kristín Ólafsdóttir, Ólöf Ýrr Atladóttir, Eiríkur Björn Björgvinsson, Elín Heiða Valsdóttir, Hjalti Þór Vignisson, Þórunn Pétursdóttir, Magnús Hallgrímsson og Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri.

Böðvar Pétursson var hluta fundar í símasambandi.

1. *Samþykkt dagskrár.*

- Samþykkt

2. *Samþykki fundargerðar 14. stjórnarfundar 3.-4. okt. 2008.*

- Samþykkt með lítilsháttar lagfæringum.

3. *Fjárlagagerð 2009*

- *Frumvarp til fjárlaga 2009*

Fyrir liggur breytt frumvarp til fjárlaga 2009 og 2. umræða fjárlaga fer fram í dag (22/12) Svo virðist sem framlag til rekstrar Vatnajökulspjóðgarðs hafi heldur hækkað frá frumvarpi en er þó lægra en vonast var eftir.

4. *Rekstur og framkvæmdir 2009*

- *Rekstraráætlun 2009*

Þar sem stefnir í að fjárframlag til rekstrar í fjárlögum ársins 2009 nægi ekki fyrir áætluðum útgjöldum, þarf að skoða gerð rekstraráætlunarinnar í því ljósi. Reynt verði að ná fram breytingum á frumvarpinu fyrir 3ju og síðustu umræðu. Beðið verður með að stilla upp rekstraráætlun þar til fjárlög liggja fyrir. Skoða möguleika á sparnaði svo og aukna sértekjumöguleika.

- *Framkvæmdaáætlun 2009*

Í frumvarpi til fjárlaga 2009 eru nægir fjármunir til að hefja framkvæmdir miðað við þá uppbyggingaráætlun sem unnið hefur verið eftir þ.m.t. gestastofu á Skriðuklaustri svo og

nokkrar aðrar fyrirhugaðar framkvæmdir. Einnig verður á árinu 2009 lokið við gerð Stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Vatnajökulsþjóðgarð. Lögð verði áhersla á uppsetningu skilta og merkinga svo og endurnýjun og ný útgáfa bæklinga. Samhliða gerð rekstraráætlunar verður unnin framkvæmdaáætlun fyrir árið 2009.

Hjalti lagði til áhersluatriði sem varða Suðursvæði:

- að uppbygging á Heinabergssvæði hefjist á árinu 2009 og það svæði verði tekið fram yfir uppbyggingu upplýsingastöðvar í Lóni.
- að velta upp þeirri hugmynd að taka nýja stefnu í uppbyggingu gestastofu á Höfn og leita leiða til að nýta fjármagn betur, e.t.v. í samvinnu við Jöklastræt og Ferðamálastofu og sveitarfélagið.

- *Aðkoma svæðisráða*

Í lögum um Vatnajökulsþjóðgarð segir m.a. í 8. gr. um hlutverk svæðisráða: „Að gera tillögu að rekstraráætlun fyrir viðkomandi rekstrarsvæði innan þess fjárhagsramma sem því er ætlaður hverju sinni samkvæmt ákvörðun stjórnar.“

- Framkvæmdastjóri og þjóðgarðsverðir vinna drög að rekstraráætlun fyrir rekstrarsvæðin á grundvelli ákvörðunar stjórnar um forsendur rekstraráætlunar. Þau drög eru lögð fyrir stjórnarfund ásamt áætlun um sameiginlegan rekstur svo og heildaráætlun fyrir rekstur þjóðgarðsins og stjórn ákvarðar fjárhagsramma rekstrarsvæða. Í framhaldi eru haldnir fundir með svæðisráðum þar sem framkvæmdastjóri og viðkomandi þjóðgarðsvörður fara yfir drög og vinna sameiginlega rekstraráætlun fyrir rekstrarsvæðin innan þess fjárhagsramma sem stjórnin hefur ákvarðað. Á stjórnarfundum eru rekstraráætlanir svæða síðan endanlega samþykktar af stjórn.

5. *Rekstrarmál 2008*

- *Rekstraruppgjör 2008*

Rekstraruppgjör voru lauslega kynnt og stjórnarmönnum og verða rekstrarniðurstöður svæða þr. sept. sendar þeim í tölvupósti.

- *Gestastofa á Skriðuklaustri*

Séð er fyrir endann á hönnun, búið að sækja um byggingarleyfi, fullvinnslu teikninga og gagna fyrir útboð lýkur væntanlega í janúar.

- Vegna undirbúnings byggingu gestastofa verði settur upp samráðshópur; framkvæmdastjóri, viðkomandi þjóðgarðsvörður og formaður viðkomandi svæðisráðs.

- *Starfslýsingar og skipurit*

- Stjórnarmenn fá sendar athugasemdir annarra svæða.
- Málið verður klárað á næsta stjórnarfundum.

- *Heimasíða-opnun*
 - Ákveðið var að opna heimasíðuna. Stefnt að allir þjóðgarðsverðir myndi ritnefnd og einn starfsmaður þjóðgarðsins hafi umsjón með utanumhaldi og komi á framfæri viðbótum og lagfæringum heimasíðunnar.

6. Önnur mál

- *Umsókn framkvæmdaleyfi fyrir Dettifossveg, vestan Jökulsár-staða*
 - Verður tekið upp aftur á næsta stjórnarfundum.
- *Myndkyningarefni fyrir þjóðgarðinn-kynning*
 - Bíður næsta stjórnarfundar
- *Umsókn um framkvæmdir í Skaftafelli frá Íslenskum Fjallaleiðsögumönnum*
 Fyrir fundinum lá erindi frá Íslenskum Fjallaleiðsögumönnum (ÍFLM), þar sem beðið er um að fá lóðir til byggingar á aðstöðu fyrir starfsmenn, annars vegar fyrir sumarstarfsfólk og hins vegar heilsársstarfsmann. Einnig reit fyrir afgreiðslu og sölu. Viðræður fari fram milli aðila um Fjallamenskusetur Íslands, sem helst yrði staðsett í Skaftafelli.
 - Tillaga að deiliskipulagi fyrir Skaftafellssvæðið, sem unnið var af Umhverfisstofnun, verði tekið til frekari skoðunar. Einnig verði beðið niðurstöðu Stjórnunar- og verndaráætlunar. Framkvæmdastjóri og Hjalti eigi fund ÍFLM.
 - Hjalti: lagði áherslu á að gengið verði til samninga við Íslenska fjallaleiðsögumenn í samræmi við bréf þeirra til stjórnar.
- *Kynnt var tilboð frá Loftmyndum ehf. og Samsýn ehf. í loftmynda- og kortagrunna á kortasjá fyrir ferkari úrvinnslu.*
 - Þórunn bað um að fá að skoða tilboðin frekar og mun senda inn álit.
- *Kynnt vinna að drögum að skiltahandbók.*
 - Málið er líklega á leið í sameiginlegan farveg með fleiri opinberum aðilum þ.m.t. Ferðamálastofu o.fl.

7. Næsti stjórnarfundur 22. janúar á Egilsstöðum.